



Gróðurstyrking á Húsey

Framkvæmdir og árangur 2013

Áætlun 2014

Lykilsíða



Skýrsla LV nr: LV-2014-024

Dags: febrúar 2014

Fjöldi síðna: 5

Upplag: Rafræn

Dreifing:

- ☐ Birt á vef LV
- ☒ Opin
- ☐ Takmörkuð til

Titill: Gróðurstyrking á Húsey. Framkvæmdir og árangur 2013. Áætlun 2014

Höfundar/fyrirtæki: Rúnar Ingi Hjartarson / Landgræðsla ríkisins

Verkefnisstjóri: Árni Jóhann Óðinsson

Unnið fyrir: Landsvirkjun

Samvinnuaðilar: _____

Útdráttur: Með tilkomu Kárahnjúkavirkjunar og að Jökulsá á Dal er nú veitt í Lagarfljót hefur orðið vart við breytingar á gróðurfari í landi Húseyjar á Úthéraði. Mótvægisáðgerðir hafa undanfarin ár falist í áburðargjöf og sáningu melgresis í rofsvæði. Á vegum Landsvirkjunar var 2,4 tonnum af áburði dreift á Húsey, á svæðinu umhverfis Tangann, Rönd og við bakka Jökulsár á Dal. Flóð í Lagarfljóti síðastliðið vor og stóðu fram á sumar settu upprunalegar áætlanir úr skoðum. Landgræðsla ríkisins hefur umsjón með verkefninu fyrir hönd Landvirkjunar

Lykilorð: Gróðurstyrking, dreifing, áburður, uppgræðsla, Húsey, sáning, melgresi.

ISBN nr:

Samþykki verkefnisstjóra
Landsvirkjunar

_____ 

Efnisyfirlit

1	Inngangur	1
2	Áætlanir og undirbúningur	1
3	Aðstæður	1
4	Framkvæmdir 2013	2
5	Árangur og samantekt	2
6	Áætlun 2014 - tillaga	5

1 Inngangur

Árið 2010 hóf Landsvirkjun mótvægisáðgerðir í landi Húseyjar á Fljótsdalshérði. Þær eru liður í viðbragði vegna aukinnar flóða- og landbrotshættu með bökkum Lagarfljóts í kjölfar Kárahnjúkavirkjunar. Áðgerðirnar felast aðallalega í áburðargjöf á Tanga og ströndina að Hvalbeinsrandarsandi auk sáningar á melfræi í sandfláka á svæðinu.

Breytingar hafa orðið á vatnasviði Húseyjar í kjölfar Kárahnjúkavirkjunar. Aukið rennsli er í Lagarfljóti og minna í Jöklu. Vatn hefur m.a. flætt yfir gróið land á viðkvæmum tíma með tilheyrandi rofahættu. Auk þess hleðst sandur upp í farvegi Jöklu og veldur áfoki á nýjum stöðum með bökkum árinna. Samkvæmt skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands *Gróðurbreytingar 2006-2012 á Hvalbeinsrandarsandi og í Kílamýrir í landi Húseyjar á Úthéraði* (NÍ -13006) hefur grunnvatnsstaða hækkað á síðustu árum á þeim svæðum sem til stóð að græða upp. Þetta veldur m.a. breytingum á gróðurfari.

2 Áætlanir og undirbúningur

Gerðar voru áætlanir sl. vetur um gróðurstyrkingu á Húsey, á Tanga og bakkann norður að Hvalbeinsrandarsandi (mynd 1). Gert var ráð fyrir að dreifa 2,4 tonnum af áburði og sá 40 kg af óhúðuðu melfræi.

3 Aðstæður

Mikil flóð voru á svæðinu sl. vor sem stóðu fram á sumar og settu allar áætlanir um gróðurstyrkingu á svæðinu úr skorðum. Guðrún Scmidt héraðsfulltrúi skoðaði svæðin sem fyrirhugað var að bera á þann 12.6.2013 og 28.6.2013 og voru þau þá enn að mestu undir vatni. Breytingar voru því gerðar frá upprunalegri áætlun.



Mynd 1. Tekið af rönd til norðurs. Gæsabeit á ábornum börðum í forgrunni. Dökku svæðin fjærst voru lengst undir vatni. 22.1.2014 RIH.



Mynd 2. Séð frá Tanganum til norðurs. Tekið á svipuðum slóðum og mynd 1. 12.6.2013. GS

Töluverð gæsabeit er á svæðinu en einnig sækja þangað hreindýr og búfénaður.

4 Framkvæmdir 2013

Notaður var áburðurinn Sprettur 27-6-6 og melfræ. Ákveðið var í samráði við Landsvirkjun að finna áburði og fræi sem áætlað hafði verið til dreifingar í Húsey annan stað en upprunalega hafði verið ráðgerður. Gróður var styrktur á nýju sandfokssvæðunum með bökkum Jöklu (alls 600 kg). Uppgræðslusvæðið á Tanganum var lengt til suðurs og 1,2 tonnum af áburði dreift þar með áherslu á að styrkja bakka með Lagarfljóti. Röndin (sem stóð uppúr á milli vatna) var styrkt með alls 600 kg. Samanlagt var borið á 2,4 tonn af áburði á Húseyjarland á vegum Landsvirkjunar. Auk þess er rétt að geta að áburður sem fékkst annars vegar frá Landgræðslu ríkisins og verkefninu Bændur græða landið var að hluta til nýttur á svipuðum slóðum til frekari styrkingar á svæðunum. Melfræi var sáð í auða bletti og sandskafla á Tanga. Rásir voru myndaðar með skóflu, sáð í og hulið. Ábúendur á Húsey sáu alfarið um bæði dreifingu áburðar og sáningu melfræs sumarið 2013.

Mynd 10 sýnir hvar dreift var áburði á vegum Landsvirkjunar o.fl. aðila sumarið 2013. Einnig má sjá í grófum dráttum þær breytingar sem gerðar voru í staðarvali uppgræðslusvæða vegna aðstæðna í Húsey þá um vorið.

5 Árangur og samantekt

Svæðið var skoðað að hluta þann 22.2.2014 af Rúnari Inga Hjartarsyni héraðsfulltrúa og Árna Óðinssyni (Lv) ásamt Erni Þorleifssyni ábúanda á Húsey.

Árangur af áburðargjöf og sáningu melgresis undangenginna ára á Tangasvæðinu og Rönd er nokkuð góður. Fyrrum opin sandbörð eru nú að miklu leiti lokuð þó enn megi sjá stöku opnanir sem jafnframt eru uppsprettur sandfoks yfir gróðurinn umhverfis. Þeir blettir eru þó orðnir litlir og ekki afgerandi fyrir heildarsvip svæðisins. Ungar sjálfsáðar melgresisbreiður innan um lyng, grös og starir eru m.a. til vitnis um að enn er töluvert áfök sands á svæðinu og vistinkerfin viðkvæm.



Mynd 3. Ysti hluti Tanga. Torfur í fjarska. 22.1.2014. RIH.



Mynd 4. Ysti hluti Tanga vorið 2013. 28.6.2013. GS.

Bakkarnir og umhverfið við Tangann virðist hafa staðist vorflóð ágætlega í heildina litið og árangur uppgræðslunnar ágætur. Enn er þó nokkuð í land að rofhætta stöðvist og komist verður fyrir sanduppsprettur á svæðinu. Uppgræðsla bakkans er mikilvæg. Bæði verja grónir bakkar sig betur í flóðum auk þess sem opnanir eru sanduppsprettur sem geta og hafa myndað nýja áfoksgeira á svæðinu.



Mynd 5. Ysti endi Tanga. Nýleg melsáning, 22.1.2014. RÍH.



Mynd 6. Ysti endi Tanga. Melsáning frá 2012 að birtast uppúr sandinum, 28.6.2013. GS.



Mynd 7. Smáfuglar rekja slóð sáðmanns og krafsa upp melfræ. Spor hreindýra, 22.1.2014. RÍH.




Mynd 8. Ysti hluti Tanga tekið inn með Lagarfljóti, 22.1.2014. RÍH.



Mynd 9. Áfok úr Jöklu. Borið var á bakkann 2013, 28.6.2013 GS.

Vart varð við aukið áfok úr áreyrum Jöklu vorið 2013. Við því var brugðist með áburðardreifingu á bakkann. Árangurinn hefur ekki verið metinn.

Í skoðunarferð 22.1.2013 mátti víða enn sjá ummerki vorflóða á gróðri, stór svæði dökk og talsvert leirset í sverði sem kæft hafði smæstu plöntur og mosa. Fái svæðin tíð til mun gróðurinn líklega jafna sig á því áfalli sem hann varð fyrir í vorflóðum 2013 en það kemur betur í ljós á komandi sumri hvort bregðast þurfi við sérstaklega.




Mynd 10. Gróðurstyrking á Húseyjarlandi sumarið 2013

6 Áætlun 2014 - tillaga

Gert er ráð fyrir að halda áfram gróðurstyrkingu við Húsey með 3 tonnum af áburði og 40 kg af óhúðuðu melfræi sumarið 2014.

Leggja þarf áherslu á bakka lagarfljóts innan við og á Tanga, allt til Hvalbeinsrandarsands. Handsá melfræi í opnanir á milli Tanga og Hvalbeinsrandarsand með líkum hætti og gert hefur verið undanfarin ár með ágætis árangri. Einnig þarf að styrkja gróður sem liggur undir áfoki á bökkum Jöklu með áburðargjöf.



Mynd 11. Tillaga að gróðurstyrkingu á Húsey 2014.



Landsvirkjun

Háaleitisbraut 68
103 Reykjavík
landsvirkjun.is

landsvirkjun@lv.is
Sími: 515 90 00

